

Prógrammering á Dairypower flórsköfum frá Landstólpa.

ATH á einungis við nýustu sköfurnar þ.e.a.s. fluttar til landsins eftir mitt ár 2008-

Byrja á því að tengja sköfurnar og keyra þær handvirkt, keyra allar sköfurnar svo allt loft sé örugglega farið af.

Þá er búið að athuga hvort sköfurnar stoppi á réttum stöðum við flórenda og endastopprofinn vinni á réttu sköfuna.

Athugið með hvaða típu og árgerð af flórsköfum er verið að stilla.

Þar sem yfirgnæfandi meirihluti flórskafa er sú gerð sem notuð er hér á landi týpa sem þeir kalla. CALIBRATION OF TIME OUT. Sem þýðir að skafan á alltaf að stöðvast á endastoppsrofa, en samt tímastillt á dipprofum og er það einfaldast.

Byrja á því að setja allar sköfurnar á OFF stöðu framan á panelnum. Slökkva á SET ljósunum.

Slá út örygginu inni í kassanum. Halda inni litla svarta takkanum inni kassanum. (Oil Service Reset). Slá inn örygginu, halda enn inni takkanum, þar til Power ljósið framan á kassanum er farið að blikka, þá sleppa OIL takkanum.

Byrjið á að ýta á PUSH TO RESET þá að velja sköfu no 1. Láta hana keyra framm og til baka og stoppa á endastopprofanum.

Gott er að lyfta sköfunni upp í 2-3 slög svo hún hafi aukaslög ef kýrnar leitast til við að stoppa sköfuna, á sérstaklega við fyrir framan RÓBÓT og MJALTABÁS. Þá 5 slög.

Alltaf að byrja á sköfu no 1 og síðan no 2 osfrv.

Þegar þessu ferli er lokið, og skafan er komin á endastopprofan er búið að calibera sköfuna.

ATH Það má ekki breyta neinu meðan skafan er í prógrammeringu. Leyfa henni að keyra út á enda.

Átaksrofinn á að stillast á 4 allir Cross scrapers rofarnir á ON nema um þverflór sé að ræða. Þá sjá bækling.

Ef einhverju þarf að breyta inni kassanum. Þá þarf alltaf að ýta á RESET takkann framaná stöðinni, til að hún meðtaki skipunina.